



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010

Útgáfa: 2

Dags.: 7. desember 2015

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **SPHEEROL SX 2**

1.2. Tilgreind notkun Smurefni.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: 112

Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

CLP-FLOKKUN Ekki flokkað.

2.2. Merkingaratriði

Hættumerki Ekki hættumerkingarskylt.

Viðvörðunarorð Á ekki við.

Hættusetningar (CLP) Engar hættusetningar.

Varnaðarsetningar (CLP) Engar varnaðarsetningar.

Aðrar merkingar Öryggisblað er fánlegt sé um það beðið.

2.3. Aðrar hættur

Hættur Þurrkar húð.

PBT/vPvB Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Hættur Mikið hreinsuð grunnolía (IP 346 DMSO-útdráttur <3%). Þykkingarefni. Einkaleyfisvarin afkastaaukandi efni.

Efnispáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun
Grunnolía – ótilgreind	CAS#: 72623-87-1 EINECS#: 276-738-4 REACH#: 01-2119474889-13	>75-<90	Váhrifamörk tilgreind
Naftensýrur, sinksölt	CAS#: 12001-85-3 EINECS#: 234-409-2	>1-<2,5	Langv. eit. á vatn. 2; H411

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið lækni ef einkenna verður vart.

Eftir snertingu við augu Fjarlægjið snertilinsur og skolið opin augu með vatni í a.m.k. 15 mínútur. Leitið lækni.

Eftir snertingu við húð Skolið húðina með sápu og miklu vatni eða viðurkenndum húðhreinsi. Farið úr óhreinkuðum fatnaði og skóm og þvoið fyrir næstu notkun.

Leitið lækni ef erting kemur fram.

Eftir inntöku Ekki framkalla uppköst nema að ráði heilbrigðisstarfsfólks.

Leitið lækni ef einkenni koma fram.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

Einkenni og áhrif Engar upplýsingar.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Meðhöndlun Meðhöndlun skal miðað að því að draga úr einkennum og áhrifum.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Froða, vatnsúði, slökkviðuft, koltvísýringur.
Óviðeigandi Ekki nota vatnsbunu.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Sérstök hættu Ílát getur sprungið við upphitun eða þrýsting.
Myndefni við bruna Kolefnisoxíð.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Ráðstafanir Rýmið svæðið ef bruni kemur upp.
Hlíðarbúnaður Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með öndunargrímu sem hylur allt andlitið og stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.m.t. hjálmar, skór og hanskar) sem uppfyllir skilyrði EN 469 veita grunnvörn í tilviki efnaleka.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir Tryggið næga loftræstingu. Notið persónuhlífar. Rýmið svæðið. Haldið óviðkomandi og óvörðu fólk frá. Gólf geta verið hál; gætið varúðar.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Hindrið dreifingu leka og að hann berist í holræsi, jarðveg, vatnsfarvegi og niðurföll. Afmarkið og safnið upp með hvarftregu ísogsefni, s.s. sandi, jarðvegi, vermikúlít eða kísilgúr. Setjið í viðeigandi ílát til förgunar og fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila í samræmi við gildandi lög og reglur. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef efnið mengar umhverfið. Forðist losun út í umhverfið.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Minniháttar leki Komið í veg fyrir frekari leka ef mögulegt án áhættu. Fjarlægjið ílát af lekasvæðinu. Safnið með hvarftregu ísogsefni og setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila.

Meiriháttar leki Komið í veg fyrir frekari leka ef mögulegt án áhættu. Fjarlægjið ílát af hættusvæðinu. Safnið með hvarftregu ísogsefni, s.s. sandi, jarðvegi, vermikúlít, kísilgúr. Setjið í viðeigandi ílát til förgunar og fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir Sjá liði 8 og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir Nauðsynlegt er að lesa og skilja allar leiðbeiningar áður efnið er notað.
Hreinlæti Þvoið hendur vandlega eftir meðhöndlun. Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru. Farið úr óhreinkuðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en matast er.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

Geymsla Geymið í upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum og vel loftræstum stað, fjarri ósamrýmanlegum efnum. Haldið fjarri hita og beinu sólarljósi. Lokið ílátum tryggilega og geymið í uppréttri stöðu til að hindra leka.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun Engar upplýsingar.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

Almenn atriði Hugið að hættulegum eiginleikum efnisins (sjá 2. lið), váhrifamörkum, einstökum aðgerðum og öðrum efnum á vinnustaðnum við tæknilegar ráðstafanir og val á persónuhlífum. Ef tæknilegar ráðstafanir eða verklag er með þeim hætti að ekki dugar til að hindra áverkun efnisins í magni yfir váhrifamörkum, er notkun á neðantöldum hlífðarbúnaði ráðlögð. Notandi ætti að lesa og skilja allar leiðbeiningar og takmarkanir sem fylgja búnaðinum, þar sem hann veitir jafnan aðeins vörn í tiltekinn tíma eða við tilteknar aðstæður. Sjá viðeigandi CEN-staðla.

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað Engin tilgreind.

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Tryggið næga loftræstingu. Persónuhlífar skulu aðeins koma til greina eftir að aðrar tæknilegar ráðstafanir hafa verið vandlega yfirvegaðar. Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla (EN14042). Mikilvægt er að ganga úr skugga um að persónuhlífar eigi saman.

Hreinlæti

Gætið ávallt viðeigandi hreinlætis. Þvoið hendur upp að olnboga og andlit eftir meðhöndlun efna, áður en matast er, reykt, farið á snyrtingu og í lok vinnudags. Þvoið vinnufatnað og hlífðarbúnað reglulega. Fleygið óhreinum fatnaði og skóbúnaði sem ekki er hægt að þvo. Tileinkið ykkur góða umgengni.

Til hlífðar augum

Notið viðurkennd öryggisgleraugu ef hætta er á slettum, úða eða gufu (EN166)

Til hlífðar húð

Notkun hlífðarfátanaðar er góð vinnuregla. Val á hlífðarfátanaði skal byggja á eðli verks og hættum sem því fylgja. Vinnugallar úr pólýester/bómull veita aðeins vörn gegn minniháttar slettum. Vinnugalla skal þvo reglulega. Notið hlífðarhanska ef hætta er á langvinnri eða endurtekinni snertingu við efnið. Notið efnaþolna hanska sem uppfylla kröfur staðalsins EN374. Rétt val hönskum fer eftir efninu sem notað er, vinnuástandum, eðli verks og ástand hanskana (jafnvel efnaþolnustu hanskar slitna við endurtekna snertingu við efni). Flestir hanskar veita aðeins vörn í skamman tíma áður en þeim þarf að skipta út.

Til hlífðar öndun

Ráðlagt (efni; þykkt; gegnþrengingartími): Nítríl; 0,35mm; 240 mín. Ekki þörf við fullnægjandi loftræstingu. Veljið öndunarhlífar eftir skilyrðum sem uppfylla kröfur staðalsins EN529.

Til verndar umhverfi

Gerðið viðeigandi ráðstafanir til að hindra eða takmarka losun.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Ástand	Smurfeiti
Litur	Ljósbrúnn
Lykt	Engar upplýsingar
Rennslismark	Engin gögn
Blossamark	>150°C (opið ílát)
Eðlisþyngd	<1 g/cm ³ við 25°C
Leysni	Óleysanlegt í vatni
Eðlisseigja	Engin gögn

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin prófunargögn.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun/efnahvörf Engin skaðleg efnahvörf eða fjölliðun við venjulega notkun og geymslu.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Hiti, neistar, eldur og aðrir íkveikjugjafar.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Oxarar.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Brotnar ekki niður við ráðlagða notkun og geymslu.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturhrif

Augu Engin veruleg hætta þekkt.

Inntaka Engin veruleg hætta þekkt.

Húð Þurrkar húð. Getur valdið þurri og sprunginni húð.

Innöndun Innöndun gufu ekki skaðleg við venjuleg skilyrði vegna lágs gufuprýstings.

Einkenni tengd líffræðilegum og efnafræðilegum eiginleikum

Húð Erting, þurrkur, sprungin húð.

Augu Engin gögn.

Inntaka Engin gögn.

Innöndun Engin gögn.

Bráð og tafin áhrif við skammvinna eða langvinna snertingu

Innöndun	Innöndun þétts úða eða ýrings getur valdið ertingu í öndunarfærum.
Inntaka	Inntaka í miklu magni getur valdið ógleði og niðurgangi.
Húð	Langvarandi eða endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
Augu	Getur valdið skammvinnum sársauka eða roða.
Langvinn áhrif á heilsu	
Stökkbreytandi áhrif	Engin gögn.
Krabbameinsvaldandi áhrif	Engin gögn.
Eiturhrif á æxlun	Engin gögn.
Eiturhrif á þroskun	Engin gögn.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif Ekki flokkað sem hættulegt umhverfi.

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Ekki talið auðveldlega lífbrjótanlegt.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Ekki talið safnast upp.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Getur þrengt sér um jarðveg og valdið grunnvatnsmengun.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Efnið er ekki eða inniheldur ekki PBT- eða vPvB-efni yfir 0,1%.

12.6. Önnur váhrif

Váhrif Myndar filmu á vatni og getur hamlað súrefnisskiptum.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Varist eða lágmarkið myndun úrgangs. Fargið efninu, lausnum þess og aukaafurðum í samræmi við gildandi lög og reglur.

Hættulegur úrgangur Já.

Úrgangskóði (EWC) 13 08 99 – Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti.

Förgun umbúða Fargið eins og ónotuðu efninu sjálfu. Endurnýtið ekki umbúðir.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Heyrir ekki undir alþjóðlegar reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat Ekkert efnaöryggismat.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

CLP H411 – Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Skammstafanir **ADN:** Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.

ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.

IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.

PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.

PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.

REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.

TWA: Tímavegið meðaltal.

STEL: Skammtíma váhrifamörk

vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun	7. desember 2015.
Útgáfa	2
Gert þann	3. apríl 2015.
Þýðing og uppsetning	Reynir Hjálmarsson
Heimild	BP Europa SE, MSDSadvice@bp.com .